

Náttúruverndarstofnun

Náttúrufræðistofnun
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Garðabær, 13. mars 2025
202503-0048/P.V.B.
10.01.01

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum - Myndavélar við refagreni

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrufræðistofnunar, dagsett, 5. mars 2025, um leyfi til rannsókna innan Hornstrandarfriðlandsins.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja upp myndavélar við tvö greni við Hornbjarg innan friðlandsins á Hornströndum. Tilgangurinn er að vakta samskipti refa við greni, ferðir refa að og frá greninu, með og án fæðu auk þess að telja og tímasetja ferðir mannfólks innan grenjasvæðis. Verkefnið er hluti af Vöktun Náttúruverndarsvæða. Myndavélarnar verða settar upp í mars og teknar niður í september. Einn aðili kæmi að uppsetningu vélanna. Umsækjandi hefur kynnt sér lög og reglur um notkun á efni sem fæst með myndavélavöktun auk þess að hafa samband við Persónuvernd varðandi þetta mál. Farið verður í einu og öllu að ákvæðum í reglum um rafræna vöktun, sem eru jafnframt í samræmi við persónuverndarstefnu Náttúrufræðistofnunar.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefni mun ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar innan Hornstrandarfriðlandsins. Aftur á móti munu upplýsingar úr rannsókninni nýtast vel til að skipuleggja frekari stýringu gesta um svæðið. Stofnunin telur mikilvægt að gestir svæðisins upplýstir um verkefnið svo þeir viti að því að vöktun sé í gangi á svæðinu. Ekki er talin þörf á að upplýsa þá um nákvæma staðsetningu myndavélana þar sem það gæti vakið athygli á grenunum, bara að á bjarginu séu myndavélar.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrufræðistofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu myndavélana innan Hornstrandarfriðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 30. september 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Náttúruverndarstofnun

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær myndavélarnar eru settar upp og hvenær þær eru teknar niður.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Vandað verði við frágang við uppsetningu myndavélanna og þeim valin staður þar sem þær eru ekki áberandi í landslaginu.
- Sé notkun myndavélana hætt skal fjarlægja festingar og öll ummerki um þær afmáð.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Standi til að birta myndir myndavélunum opinberlega skal þess gætt að ekki sé hægt að átta sig á landfræðilegri staðsetningu grenjana.
- Myndavélarnar skulu vera merktar rannsóknaraðila og þar skulu einnig koma fram upplýsingar um tilgang myndavélana.
- Umsækjandi skal fylgja lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Kristín Ósk Jónasdóttir
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur